

Mættir: Kristján Geirsson, Anar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir og Helga Erla Albertsdóttir.
Fjarverandi: Davíð Heimisson og Arnbjörg Heiðudóttir.

Á fundinn mættu einnig skólastjórnendur Heiðarskóla þær Bryndís Jóna Magnúsdóttir og Lóa Björg Gestsdóttir.

Fundur nr. 2 skólaárið 2020-2021

Heiðarskóli 3. maí 2020 kl. 20:00. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

Dagskrá:

1. Staða fjármála
2. Styrkir framundan
3. Árshátíð 10 bekkjar
4. Aðalfundur FFHS
5. Heiðarleikar og vorhátíð fyrirkomulag
6. Önnur mál

1. Staða fjármála

Yfirfarið staða á innheimtu greiðsluseðla vegna skólagjalda og er innheimta mjög góð eða um 91%.

Staða fjármála yfirfarin og er staðan góð.

2. Styrkir framundan

Á tímabilinu frá september til apríl fóru fram rafræn samskipti stjórnarmanna foreldrafélagsins og á því tímabili var eftirfarandi samþykkt:

- Skáld í skólum kr 160.000 (16/9/21)
- FFGÍR styrkur vegna fræðslu „ég vel mig“ kr. 35.000 (8/2/21)
- Árshátíð Heiðarskóla streymi kr 90.000 (17/3/21)

Styrkir til skólans voru ræddir við skólastjórnendur þær Bryndísi Jónu og Lóu Björg.

Styrkir samþykktir á fundinum:

- Styrkir til 10 bekkjar vegna rútukostnaðar vegna skólaferðalags kr 170.000.
- Þátttaka foreldrafélagsins í treflum fyrir útskriftarhóp 1/3 af kostnaði og nemur hlutur FFHS ca kr 70.000.
- Skákborð til að gefa skólanum ca kr 70.000.
- Styrkur vegna skólaferðalaga, styrkur þvert á alla árganga til að niðurgreiða rútukostnað í skólaferðalög áætlað ca kr 180.000.

3. Árshátíð 10 bekkjar

Farið yfir dagsetningar og fyrirkomulag en foreldrafélagið gefur blóm til 10 bekkjar nemenda á árshátíð.

4. Aðalfundur FFHS

Umræður um aðalfund en ekki hægt að ákveða dagsetningu að svo stöddu vegna samkomutakmarkana. Verður ákveðið síðar.

5. Heiðarleikar og vorhátíð FFHS

Heiðarleikar Heiðarskóla og vorhátíð FFHS verður 4 júní nk.

Fyrirkomulag vorhátíðar yfirfarið og skipulagt.

6. Önnur mál

Kristján Geirsson formaður FFHS tilkynnti að hann muni ljúka störfum fyrir félagið í lok þessa skólaárs.

Umræður um breytingar í stjórn FFHS fyrir næsta skólaár og eftirmann Kristjáns.

Fundi slitið 21:00